



# SKÓLANEFND HRUNAMANNAHREPPS

14. fundur skólanefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022-2026 haldinn þriðjudaginn 26. nóvember 2024, kl. 15:30 í Flúðaskóla.

Mættir eru: Katrín Þorvaldsdóttir formaður og Alexandra Rós Jóhannesdóttir auk fulltrúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Vilborgar Ástráðsdóttur en Sigríður Björk Gylfadóttir boðar forföll. Elvar Harðarson er fjarverandi. Einnig sátu fundinn Jóhanna Lilja Arnarsdóttir skólastjóri Flúðaskóla, Freyja Þorkelsdóttir, fulltrúi starfsfólks Flúðaskóla, Valný Guðmundsdóttir, fulltrúi starfsmanna leikskólans Undralands boðar forföll en Auður Hanna Grímsdóttir, er bæði fulltrúi foreldra Flúðaskóla sem og starfsmanna Leikskólans Undralands. Einnig sat fundinn Hjalti Sigurðsson, fulltrúi foreldra Leikskólans Undralands. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri. Í upphafi fundar bar formaður upp tillögu um að Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, myndi rita fundargerð. Tillagan samþykkt samhljóða.

Hér var gengið til dagskrár:

## Sameiginleg málefni

- 1. Sveitarstjóri kynnir drög að fjárhagsáætlun skólanna ásamt gjaldskrá.**  
Sveitarstjóri fór yfir gjaldskrár leikskólans, mótuneytis, skólasels og frístundar. Einnig fjárhagsáætlun beggja stofnana ásamt fjárfestingaáætlun.  
*Skólanefnd gerir ekki athugasemdir við gjaldskrár utan nokkrar leiðréttingar á texta sem sveitarstjóri mun laga. Skólanefnd gerir heldur ekki athugasemdir við fjárhagsáætlanir skólanna og fagnar þeim framkvæmdum og fjárfestingu sem gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun.*

## Málefni Flúðaskóla

- 2. Skýrsla skólastjóra Flúðaskóla**  
Endurbættur leikvöllur við Flúðaskóla hefur nú verið tekinn í notkun og eru nemendur mjög ánægðir með það hvernig til hefur tekist. Árshátíð 1.- 6. bekkjar er nýlokið og gekk hún mjög vel. Fjöldi viðburða hefur verið í skólanum að undanförmu svo sem Dagur íslenskrar tungu, Halldórsmótið í skák þar sem 69% nemenda í 3. – 10. bekk tóku þátt, Stóra upplestrarkeppnin, en lokakeppnir mun fara fram í Flúðaskóla á vormánuðu. Miðstig fór í menningar- og skemmtiferð til Reykjavíkur. Heimsókn í Listasafn Árnesinga fyrir elsta stig var í boði safnsins og Þorgrímur Þráinsson kom í sína árlegu heimsókn til 10. bekkjar með fyrirlestur sinn, „Verum ástfangin af lífinu“. Einnig kom hingað starfsmaður á vegum Hönnunarsafns Íslands sem sá um tveggja daga heimsókn þar sem kennd var hönnun og sköpun. Síðast en ekki síst var opið hús í Vörðutíma en þar var kynntur afrakstur nemenda en þau höfðu verið að læra um stríðsárin á Íslandi og unnu fjölbreytt verkefni í tengslum við þau.

ARG AHG KP HS AH JPB

JLA

Í núverandi viku er „Opin vika“ fyrir foreldra í Flúðaskóla. Í samræmi við skólustefnuna vill skólinn tengja foreldra sem best við starfið með það að markmiði að þau taki virkan þátt í starfi skólahns.

*Skólanefnd þakkar greinargóða skýrslu og lýsir yfir ánægju sinni með fjölbreytt og gott starf í skólanum.*

### 3. Skólanámskrá Flúðaskóla

Skólanámskrá Flúðaskóla lögð fram til samþykktar. Í skólanámskránni sem er 43 blaðsíður er farið yfir öll helstu atriði skólustarfsins og mjög miklar hagnýtar upplýsingar birtar þar foreldum og öðrum til upplýsingar.

*Skólanefnd samþykkir skólanámskrána.*

### 4. Aðgerðaráætlun vegna Skólustefnu

#### A: Mannauður, samstarf og starfsþróun

Farið yfir helstu atriði aðgerðaráætlunar skólustefnunnar hvað þessa liði varðar og stöðu á einstökum liðum. Upphafskynnin í innleiðingu Jákvæðs aga er framundan og mikilvægt að starfsmenn bæði leik- og grunnskóla taki þátt í því. Stefnt er að fullri innleiðingu næsta haust með tveggja daga námskeiði alls starfsfólks.

#### B: Umhverfi og aðstaða

Farið yfir helstu atriði aðgerðaráætlunar skólustefnunnar hvað þessa liði varðar.

Skólanefnd samþykkir að vinnu verði haldið áfram við aðgerðaráætlunina á næstu vikum.

Hér viku Freyja og Vilborg af fundi.

## Málefni Undralands

### 5. Skýrsla leikskólustjóra Undralands

Foreldrasamtöl voru vikuna 21.-25. október. Samtölin gengu vel og voru allir foreldrar ánægðir með starfið í leikskólanum. Starfsmannasamtöl voru 28. – 31. október. Þar gengu samtölin einnig vel og lýstu margir ánægju sinni yfir því að vinna í Undralandi.

Fjöldi viðburða hefur verið í leikskólanum að undanfögnu og má það m.a. nefna lokahátíð á hrekkjavökuvikunni en þá mættu börnin í búningum í leiksólann. Seinna um daginn var foreldrum boðið að koma og taka þátt í dansi með börnum sínum. Í byrjun nóvember fóru stjórnendur leikskólans ásamt fulltrúum sveitastjórnara að skoða leikskólann Óskaland í Hveragerði. Skoðað var sérstaklega viðbætur við húsnæði leikskólans sem er úr færanlegum einingum til að sjá hvort að það sé lausn sem við hér á Flúðum getum nýtt okkur til að stækka okkar leikskóla.

Allir starfsmenn leikskólans sóttu sameiginlegan fund allra leikskóla í uppsveitum og Flóa v. sameiginlegs verkefnis á innleiðingu snemmtæktrar íhlutunnar. Sintija hélt þar eftirtektarvert erindi á íslensku um leikskóla í Lettlandi. Starfsmenn MMS sem sjá um innleiðingu verkefnissins voru mjög hrifnir af framsetningu hennar og því hvernig hún leysti það verkefni þrátt fyrir að vera ekki með fullt vald á íslensku. Mikil almenn ánægja var með erindið. Bæði Blær og Lubbi hafa átt afmæli nýlega og hefur verið haldið upp á þau með sama hætti og gert er með afmæli barnanna. Foreldrafélagið

ARJ

AHG

KD

HS

PH JBJ

JLA

bauð börnunum í leikskólanum ásamt 1. og 2. bekk á leiksýninguna „Jól í tösku“ Leikkonan Þórdís Arnljótsdóttir kom og sýndi í leikskólanum. Innleiðing á Jákvæðum aga er að fara af stað og kynningarfundur með lykilfólki áætlaður með Flúðaskóla og Reykholtsskóla 28. janúar. Framundan er hefðbundinn jólaundirbúningur.

*Skólanefnd þakkar greinargóða skýrslu og það jákvæða starf sem unnið er í leikskólanum.*

#### 6. Skólanámskrá Leikskólans Undralands

Leikskólastjóri kynnti þá vinnu sem farið hefur fram varðandi yfirferð skólanámskrár en nú er unnið að handbók um snemmtæka íhlutun sem mun nýtast sem grunnur að skólanámskrá. Starfshópur, fagfólks innan og utan skólans, hefur verið skipaður sem ætlað er að koma með tillögu hugyndafræðu leikskólans til framtíðar.

*Skólanefnd lýst vel á þá vinnu og hugmyndir sem kynntar voru á fundinum.*

#### 7. Aðgerðaráætlun vegna Skólastefnu.

##### A: Mannauður, samstarf og starfsþróun

Farið yfir stöðu einstakra aðgerða skólastefnunnar hvað þessa liði varðar.

##### B: Umhverfi og aðstaða

Farið yfir helstu atriði aðgerðaráætlunar skólastefnunnar hvað þessa liði varðar.

Skólastjórnendur beggja skólastiga lýstu yfir ánægju sinni með fagleg vinnubrögð formanns og skólanefndar í þessari vinnu en aðgerðaráætlun sem þessi er mjög gott stjórnþæki fyrir skólann og skólastjórnendur.

#### 8. Drög að breytingum á starfsreglum foreldraráðs Leikskólans LUndralands

Lagðar fram tillögur að breytingum á starfsreglum foreldraráðs leikskólans Undralands.

Starfsreglurnar lagðar fram til kynningar en þær verða unnar áfram í framhaldinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:10

*Jóhanna Líja Amard.*  
*Alexandra Rós Jóhannsd.*  
*Audur Hanna Grímsdóttir*  
*Katrín Þorvaldsdóttir*  
*Hjalte Sigurðsson*  
*Jón Þórg Jónsd*  
*Alit Halpéid*